

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

52. fundur Stjórnar BS. bs. haldinn fimmtudaginn 3. desember 2020

kl. 17:00 í fundarsal BS.bs. að Flugvöllum 29, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundargerð

Formaður setur fundinn.

1. Staða framkvæmda og skil verktaka.

- Jón fór yfir stöðuna á byggingu slökkvistöðvarinnar en starfsemin er byrjuð á stöðinni en verktaki á eftir að skila af sér nokkrum verkhlutum.
- Friðjón fór yfir málið en hann hefur verið í samskiptum við Karl forstjóra Ístaks varðandi verkskil.

2. Staða fjármála.

- Staða rekstar að mestu skv áætlun en veruleg hækkun launa og minni tekjur v/covid hefur sett smá spennu í rekstur félagsins.

3. Samningur við SÍ.

- Samningur við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga hefur verið endurnýjaður og er stærsta breytingin sú að sjúkraflutningar í Grindavík bætast við. Munu Brunavarnir Suðurnesja því sjá um alla sjúkraflutninga á Suðurnesjum og munu þeir starfsmenn sem sinntu sjúkraflutningum í Grindavík á vegum HSS verða starfsmenn Brunavarna Suðurnesja frá 1. Janúar 2021.
- Stjórn Brunavarna Suðurnesja fagnar samningi um sjúkraflutninga á Suðurnesjum.
- Friðjón leggur fram fram bókun frá bæjarráði Grindavíkur dags. 1.des.2020

4. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Flutningur í nýja slökkvistöð:

- Þann 30. október s.l. rann upp langþráður dagur, en þann dag var starfsemi BS bs. flutt í nýja slökkvistöð að Flugvöllum 29 í Reykjanesbæ.
- Verktakinn er ekki enn búinn að ljúka öllum verkþáttum, sem setur okkur nokkuð þröngar skorður varðandi sóttþreinsun og þrif á bílum og tækjum, en við erum að sjá fram á að þeir fari að ljúka þeim.
- Með tilkomu nýrrar slökkvistöðvar hefur orðið gjörbreyting til batnaðar á öllum aðbúnaði starfsmanna og geymslu tækjabúnaðar BS.
- Ýmis verkefni hefur þurft að vinna að í nýju slökkvistöðinni, standsetja og koma fyrir mörgum þáttum er varða starfsemina, reikna má með að þessi vinna verði allavega út þetta ár, og hafa starfsmenn verið virkilega jákvæðir og duglegir við þessa vinnu sem unnin er samhliða öllum þeim verkefnum og útköllum sem koma í fangið á þeim á hverjum tíma. Þökk sé okkar starfsmönnum fyrir sitt framlag.

5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

Stjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2021 sem er tilkomin vegna samnings um sjúkraflutninga í Grindavík við Sjúkratryggingar Íslands.

6. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:45